

Samningur um stofnun VS-reiknings og umboð vegna rafrænnar skráningar verðbréfa.

Umsókn

Persónuupplýsingar

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____ Staður: _____

Heimasími: _____ Vinnusími: _____ Fax: _____

Netfang: _____

Ríkisfang: _____ Skattaleg heimilisfesti: _____

Tegund skilríkis: Vegabréf Ökuskírteini

Númer skilríkis: _____ Gildistími: _____ Útgáfuland: _____

Skuldfærsluheimild:

Ég samþykki millifærslu afborgana, verðbóta, vaxta, arðs og vegna hvers konar greiðslna af rafréfum þeim sem skráð verða á þann reikning sem Virðing hf. stofnar í nafni undirritaðs hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf.

_____ - _____ - _____
Banki Hb. Reikningsnr.

Með undirritun minni á samning þennan veiti ég Virðingu hf., kt. 561299-3909, fullt og ótakmarkað umboð til að stofna VS-reikning í mínu nafni hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og til að annast slíkan reikning sem reikningsstofnun skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Umboð þetta nær jafnframt til eftirfarandi :

- I. Að óska eftir yfirliti frá útgefenda verðbréfa um verðbréfeign mína, s.s. að kanna skráða hlutafjäreign mína sbr. heimild í 7. mgr. 30. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, hjá hluthafaskrárm þeirra félaga sem sótt hafa um rafræna skráningu þeirra hlutabréfa sem þau hafa gefið út.
- II. Að annast vörslu þeirra áþreifanlegu og óáþreifanlegu verðbréfa sem ég hef afhent eða kem til með að afhenda Virðingu hf. og annast yfirfærslu þeirra yfir á VS-reikning í mínu nafni í samræmi við ofangreint.
- III. Að árita þau áþreifanlegu verðbréf, sem Virðing hf. mun hafa milligöngu um viðskipti með skv. II. tl., um framsal, hvort heldur sem er til umboðsaðila eða þriðja aðila sem kaupanda.
- IV. Hvers konar ráðstafana í samræmi við hagsmuni mína í tengslum við framangreind umboðsstörf.

Vörsluþegi skuldbindur sig til þess að fylgja gildandi gjaldskrá Virðingar eins og hún er hverju sinni.

Virðing hf. tekur við fjármunum eða verðbréfum og leggur inn á ofangreindan vörslureikning vörsluþega. Virðing hf. skuldbindur sig til þess að varðveita verðbréf og aðra fjármuni vörsluþega á

öruggan og tryggan hátt. Virðing hf. er undanþegin ábyrgð á tjóni sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (force majeure), svo sem náttúruhamförum og styrjöldum.

Vörsluþegi getur gefið fyrirmæli sín um verðbréfavíðskipti munnlega eða skriflega, til dæmis með símbréfi eða tölvupósti. Séu fyrirmælin gefin munnlega, svo sem í síma, hvílir sönnunarbyrðin á vörsluþega sjálfum.

Starfsfólk Virðingar getur neitað að fara eftir fyrirmælum um verðbréfavíðskipti eða annað hafi það minnsta grun um að fyrirmælin komi ekki frá sjálfum vörsluþega. Virðing hf. bera enga ábyrgð vegna tjóns sem vörsluþegi kann að verða fyrir sökum þessa. Þá ber Virðing ekki heldur ábyrgð á tjóni vörsluþega sem rekja má til utanaðkomandi atvika, svo sem rangra upplýsinga eða kerfisbilana. Virðing ber heldur ekki ábyrgð á tjóni vörsluþega í þeim tilvikum þegar að utanaðkomandi atvik leiða til þess að ekki er hægt að framkvæma fyrirmæli vörsluþega varðandi tiltekin víðskipti.

Starfsfólki Virðingar er heimilt að neita að fylgja fyrirmælum vörsluþega um víðskipti telji starfsmenn fyrirmælin óskýr.

Við opnun vörslureiknings skal vörsluþegi, hvort sem hann er einstaklingur eða prókúruhafi, framvísa gildandi persónuskilríkjum. Virðing skal varðveita ljósritað afrit af persónuskilríkjum vörsluþega.

Samtöl vörsluþega við starfsfólk Virðingar kunna að vera hljóðrituð. Samningsaðilar eru sammála um að slíkar hljóðritanir eða skrifleg gögn sem berast Virðingu, má leggja til grundvallar við úrlausn ágreiningsefna sem upp kunna að rísa í víðskiptum samningsaðila. Að öðru leyti eru öll víðskipti samningsaðila á grundvelli samnings þessa trúnaðarmál.

Vörsluþegi skuldbindur sig til þess að láta starfsfólk vita án tafar um breytingar er varða heimilisfang, tölvupóstfang eða símanúmer. Virðing ber ekki ábyrgð á tjóni vörsluþega sem rekja má til rangra upplýsinga um núverandi heimilisfang, tölvupóstfang eða símanúmer vörsluþega.

Gera skal Virðingu viðvart við andlát vörsluþega auk upplýsinga um ráðstöfun reiknings frá þar til bærum aðila. Ef minnsta óvissa er um það hvaða aðili hafi rétt til þess að taka ákvarðanir er varða vörslureikning eftir andlát vörsluhafa, áskilur Virðing sér rétt til þess að neita að fylgja fyrirmælum um ráðstöfun verðmæta á vörslureikningi. Virðing ber enga ábyrgð á tjóni sem kann að stafa af slíku.

Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 4 vikna fyrirvara. Samningnum skal segja upp skriflega með vísan til vörslusamningsnúmers. Við lok uppsagnartímans skal Virðing afhenda vörsluþega eignir samkvæmt vörslureikningi. Skal afhendingin fara fram í höfuðstöðvum Virðingar.

Fari svo að annar samningsaðili samnings þessa vanefni verulega skyldur sínar samkvæmt samningi þessu, getur gagnaðilinn rift honum án fyrirvara.

Virðing áskilur sér rétt til þess að breyta samningsskilmálum þessum.

Virðing hf. hefur haldsrétt í þeim verðbréfum sem eru á vörslureikningi fyrir gjaldföllum greiðslum sem Virðing kann að eiga á hendur vörsluþega. Virðingu er heimilt að selja þau verðbréf sem á haldsrétt í vegna slíkra skulda. Virðing hf. skal þó gefa vörsluþega hæfilegan frest til þess að greiða skuldina.

Annar kostnaður svo sem opinber gjöld, símtöl, símbréf og bréfasendingar sem leiða kann af vörslureikningnum, skulu greiðast af vörsluþega sjálfum.

Rísi upp ágreiningur vegna samnings þessa skal reka málið fyrir héraðsdómi Reykjaness.

_____ **Staður og dagsetning**

Undirritaður samþykkir framangreinda umsókn og skilmála

Undirritun umsækjanda

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði umsækjanda:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Umsókn samþykkt:

F.h. Virðingar hf.